



Vinnuvélatrygging

Skilmáli E-37

Vinnuvélatrygging er samsett af einni eða fleiri af eftirfarandi tryggingum:

- Kaskótrygging vinnuvéla: bætir skemmdir á vinnuvél sem tilgreind er á skirteini.
- Ábyrgðartrygging: tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á vátryggðan sem eiganda tilgreindar vinnuvélar og myndast við notkun hennar.
- Ábyrgðartrygging við akstur: tekur til skaðabótarábyrgðar utan samninga, sem fellur á vátryggðan sem eiganda tilgreindrar vinnuvélar og myndast við notkun vinnuvélar sem ökutækis.
- Brunatrygging: bætir skemmdir vegna bruna á vinnuvél sem tilgreind er á skirteini.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Efnisyfirlit:

- Kaskótrygging vinnuvéla (valkvæð)
- Ábyrgðartrygging (valkvæð)
- Ábyrgðartrygging við akstur (valkvæð)
- Brunatrygging (valkvæð)

1. Kafli. Kaskótrygging vinnuvéla (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

1. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þeirrar vinnuvélar sem tiltekin er á skirteini.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðri vinnuvél vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmála þessum. Auk þess bætir tryggingin tjón á tryggðri vinnuvél vegna:

- eldsvoða eða sprengingu sem stafar af honum. Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- eldingar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar og skemmdarverka. Skilyrði bótaskyldu er að atvikið hafi verið tilkynnt til lögreglu svo fljótt sem auðið er. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast aðeins ef tjónsatburðurinn átti sér stað á Íslandi.
- ofsavæðurs. Skilyrði bótaskyldu er að stöðugur vindhraði hafi náð 28,5 m/sek. Við mat á vindhraða skulu lagðar til grundvallar mælingar Veðurstofu Íslands, stuðst skal við 10 mínútna meðalvindhraða á næstu veðurstöð við tjónsatburð. Tjón af völdum foks á jarðefnum og afleidd tjón af þeim völdum bætist ekki. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

Þrátt fyrir undanþáguákvæði í almennum skilmálum félagsins tekur tryggingin til tjóna af völdum aur- eða vatnsflóða, skriðufalla, snjóflóða, verkfallsaðgerða eða uppbota.

Gildissvið tryggingar afmarkast við vinnuvélina sjálfa og tekur ekki til annars aukabúnaðar sem bætt er við vinnuvél, t.d. staðsetningartækja.

3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón af völdum vélarbilunar, framleiðslu- eða hönnunargalla, mistök við uppsetningu, rangri samsetningu eða annarri bilun í eða á vinnuvélinni.
- tjón á lakki, málningu eða ytra byrði á vinnuvél sem rýra ekki notagildi, jafnvel þótt ábyrgð framleiðanda falli niður við ákomu. Hér er t.d. átt við rispur, beyglur, höggsár, sveigju eða núningsmerki.
- þjófnað á einstökum hlutum vinnuvélar, t.d. stjórnækjum og hæðarmælum.
- tjón á strokkum, kæli, raf- og vélarbúnaði eða öðrum hlutum vinnuvélar sem stafa af því að kælivatnið eða annað vökvakerfi frýs eða ofhitnar.
- skemmdir eða tjón sem verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi, fúa, tæringu, málmþreytu eða sambærilegum orsökum.
- tjón eða skemmdir sem eru á ábyrgð framleiðenda eða seljanda samkvæmt lögum eða samningum.
- tjón sem aðeins varða hjól, hjólbarða, reimar, skriðbelti, keðjur, lyftu- eða færibönd, fjaðrir, rafgeymi og gler (annað en rúður).
- tjón sem verður vegna foks á sandi, möl eða öðrum jarðefnum.
- vegna skammhlaups sem ekki veldur eldsvoða.
- tjón vegna sjávarfalla.
- tjón sem eiga sér stað utan Íslands, eða í flutningi til eða frá landi.

4. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að gæta þess að:

- sé vinnuvél með lokuðu læsanlegu húsi skal henni tryggilega læst þegar farið er frá henni og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að vinnuvélinni skulu geymdir á öruggum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.
- stjórnandi vinnuvélar skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað vinnuvélinni örugglega og vera ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- vinnuvél uppfylli þær reglur sem um vinnuvélar gilda og í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, m.a. að uppfylla kröfur um opinbert eftirlit og kröfur um búnað.
- stjórnandi vinnuvélar skal við notkun hennar fylgja fyrirmælum framleiðanda og gæta fyllsta öryggis.
- stjórnandi vinnuvélar skal við notkun við sjó, ár og vötn gæta sérstakrar varúðar að undirstöður undir vinnuvél séu tryggar og ekki sé hætt á að þær gefi sig undan þyngd vinnuvélar, eða hún renni til eða hrapí.

5. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef:

- vinnuvélin verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álítur ekki borga sig að gera við hana.
- vinnuvélinni er stolið og hún hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um þjófnað.

Verði algert tjón greiðir félagið aldrei hærri bætur en sem nemur raunvirði vinnuvélar. Raunvirði telst vera sú fjárhæð sem þurft hefði til kaupa á vinnuvél á því verðlagi sem síðast var á sambærilegri vinnuvél á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu.

Félagið áskilur sér rétt til þess að fullnægja bótaskyldu sinni samkvæmt þessari grein með því að afhenda tryggða aðra sambærilega vinnuvél miðað við tegund, aldur og útbúnað þannig að tryggði verði fjárhagslega í sömu stöðu fyrir tjón og eftir. Tjón greiðist aðeins í íslenskum krónum. Ef félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ber tryggðum að afsala félaginu vinnuvélina.

6. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist vinnuvélin án þess að skilyrði 5. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera vinnuvélina, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hún var fyrir tjónið. Það telst fullnaðarviðgerð þótt viðgerð sé sýnileg á vinnuvél, t.d. vegna mismunandi upplitunar á lakki.

Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Lækkun á markaðsverði vinnuvélar, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

2. Kafli. Ábyrðartrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

7. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þeirrar vinnuvélar sem tiltekin er á skirteini.

8. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á tryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna notkunar vinnuvélar þeirrar sem getið er í skirteini.

9. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

- Tryggingin bætir ekki:
- skaðabótaábyrgð sem fellur undir 3. kafla tryggingarinnar.
 - skemmdir eða glötun muna sem tryggður eða stjórnandi á einn eða með öðrum.
 - viðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
 - tjón á munum sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu eða flutnings eða eru af öðrum ástæðum í hans vörslu. Þar á meðal munir sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - tjón sem hlýst af því að söluvara berst viðtakanda ekki eða ekki í tæka tíð.
 - tjón sem starfsábyrgðartrygging tekur til, hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.
 - tjón af völdum kjarnorku eða geislavirkra efna.
 - beint og óbeint tjón af völdum asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur að einhverju leyti asbest.
 - mengunartjón nema rekja megir það til eins skyndilegs og óvænts atburðar sem ekki var unninn af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
 - tjón við jarðgangagerð og námuvinnslu.
 - tjón við áfyllingu flugeldsneytis.
 - tjón vegna notkunar vinnuvélar á flugvöllum og flugbrautum.

10. gr. Laun í slysaforföllum og bætur frá slysatryggingum

Ef tryggður hefur starfsmenn í vinnu er það gert sem skilyrði að tryggður kaupi atvinnuslysatryggingu í samræmi við kjarasamninga og lög. Bætur vegna líkamstjóns starfsmanna, sem greiða ber úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingunni, stafi tjónið af notkun hinnar tryggðu vinnuvélar. Sama á við um fjárhæðir, sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, sem atvinnurekandi hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi. Laun, sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningi að greiða manni, er verður fyrir slysi eða veikist, koma að fullu til frádráttar bótum vegna ábyrgðartryggingar þessarar. Félagið greiðir ekki endurkröfu frá almannatryggingum.

11. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að gæta þess að:

- áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu tryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- áður en vinnuvél er flutt og hafin er vinna á svæði skulu tryggðir og starfsmenn tryggja að burður sé nægur að þyngd vinnuvélar valdi ekki tjóni. Sérstakrar varúðar skal gætt þegar farið er með vinnuvél um vegi, brýr eða á mannvirki.

Þá gilda sömu varúðarreglur og í 4. gr. í 1. kafla.

12. gr. Meðhöndlun á skaðabótakröfu

- Jafnskjótt og tryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- Félagið er ekki bundið af því ef tryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

3. Kafli. Ábyrgðartrygging við akstur (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

13. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þeirrar vinnuvélar sem tiltekin er á skirteini.

14. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á tryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna notkunar vinnuvélar sem ökutækis og eigandi ber ábyrgð á samkvæmt 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

15. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

- Tjón af völdum annarrar notkunar vinnuvélar en sem ökutækis.
- Tjón sem tilgreind eru í lið b. – l. í 9. gr. í 2. kafla.

10., 11. og 12. gr. í 2. kafla gilda einnig um þessa tryggingu.

4. Kafli. Brunatrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

16. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þeirrar vinnuvélar sem tiltekin er á skirteini.

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Skemmdir á vinnuvélinni vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á vinnuvélinni nær tryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum vinnuvélarinnar sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í vinnuvélinni. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

Gildissvið tryggingar afmarkast við vinnuvélina sjálfa og tekur ekki til annars aukabúnaðar sem bætt er við vinnuvél, t.d. staðsetningartækja.

4., 5., og 6. gr. í 1. kafla gilda einnig um þessa tryggingu.

Skilmáli þessi gildir frá 01.09.2024